

Nemandinn sem þverþjóðlegur erindreki: Reynsla af alþjóðlegu samstarfi háskólastofnana, kvikmyndahátíðar og Evrópsku kvikmyndaakademíunnar

Björn Þór Vilhjálmsson, Íslensku- og menningardeild, Háskóli Íslands.

Lykilorð — kvikmyndafræðinám, nemendaráðstefnur,
þverþjóðleg nemendatengsl, evrópsk kvikmyndamenning

I. INNGANGUR

Eins og algengt er með nám í hugvísindum hefja nemendur í kvikmyndafræði námið með mjög ólík markmið að leiðarljósi. Stundum tengjast þau fyrirhuguðum starfsferli á menningarvettvanginum í víðum skilningi en sömuleiðis er algengt að markmiðin tengist kvikmyndastarfi eða starfi í hliðstæðum miðlum með beinum hætti. Þær umbreytingar hafa hins vegar átt sér stað á síðustu árum í kvikmyndalandslagi þjóðarinnar og heimsins að streymisveitur hafa í auknum mæli tekið við sem helstu dreifingarleiðir kvikmynda, og leysa þar af hólmi í senn kvikmyndahús, gömlu vídjóleiguna og þjóðbundnar sjónvarpsstöðvar. Rök má færa fyrir því að þesum umskiptum fylgi í senn meiri einsleitni í samtímalegu kvikmyndaúrvali – áhersla á meginstrauminn svokallaða, sem og menningarverkból í Bandaríkjunum á borð við Hollywood – og hliðrun á kvikmyndasögunni. Þetta mótar kvikmyndasýn nemenda í kvikmyndafræði á máta sem ekki er jákvæður fyrir ofangreind markmið þeirra. Af þeim sökum hefur leiða verið leitað til að veita þessari þróun ákveðið viðnám. Í þessu erindi verður greint frá einni þeirri áhrifaríkustu.

II. AÐFERÐ

Kvikmyndafræði HÍ hefur um sex ára skeið tekið þátt í Evrópsku háskólakvikmyndaverðlaununum, en þar er um að ræða samstarfsverkefni Evrópsku kvikmynda-akademíunnar, Kvikmyndahátíðarinnar í Hamborg og vel á þriðja tug evrópskra háskóla. Á

hverju ári eru fimm kvikmyndir sem lagðar hafa verið fram til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna valdar til þátttöku í þessum flokki. Þær eru sýndar í öllum hlutaðeigandi háskólum og erindreki frá hverjum háskóla er svo í framhaldinu valinn og sækir þriggja daga ráðstefnu í Hamborg í byrjun desember, en á þessari ráðstefnu er sigurmyndin valin.

III. NIÐURSTÖÐUR

Þátttakan í EUFA hefur haft ýmiskonar áhrif á nám í kvikmyndafræðinni. Ápreifanleg áhrif hvað varðar námstilhögun og uppbyggingu kjarnánámskeiðs, sem og upplifun nemenda af námsleiðinni þar sem EUFA samstarfið er hluti af grunnnámskeiði sem allir nemendur taka á fyrsta misseri. Samstarfið þéttir nemendahópinn, rökfærslu- og samskiptahæfni nemenda styrkist, um leið og þeir fá að upplifa kvikmyndamenningu sem er lifandi og að gerast einmitt núna — en ekki, eins og svo oft er, að læra um eitthvað sem er löngu liðið! Það gefur þeim tilfinningu fyrir því að kvikmyndir séu lifandi og dýnamísk listgrein. Nemendur öðlast innsýn í pólitíska vídd kvikmynda. Nemendur fá á tilfinninguna að borin sé virðing fyrir þeirra framlagi og þekkingu.

IV. UMRÆÐUR

Hvað þýðir að „búa afskekkt“ – að lifa og hrærast í ákveðinni fjarlægð frá helstu straumum evrópskrar kvikmyndamenningar? Er sú raunin á Íslandi og þegar í kvikmyndafræðinám er haldið? Hvernig er farsælast að koma til móts við nútímanemandann í kvikmyndafræðinám á háskólastigi? Er hægt að skapa tilfinningu fyrir pólitískum hitamálum

samtímans og evrópskum áherslum í gegnum kvikmyndaprógram eins og EUFA?

TILVÍSANIR

- Caldeira, S. (2020). Critical Pedagogy and Film Education. *Future.film.education*.
- Brunow, Dagmar. (2017). 'And the Winner Is...' The Hamburg EUFA Jury Meetings. *Alphaville: Journal of Film and Screen Media*, no. 14, 214–218.
- Vallejo, Aida. (2017). Learning Jury Dynamics through Creative Pedagogy: Role-Playing at the European University Film Award. *Alphaville: Journal of Film and Screen Media*, no. 14, 207–213.
- O'Neill, D. (2017). *Film as a Radical Pedagogical Tool*. Routledge.
- Webb, E. (2024). Developing Critical Thinking Skills Through Semi-Structured Debate. *OD&PL Student Education Development*.